

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 331/2022

2023/EES/48/42

frá 9. desember 2022

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2310 frá 18. október 2022 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 149/2013 að því er varðar gildi viðmiðunarfjárhæðar stöðustofnunar fyrir stöður sem haldið er í OTC-hrávöruafleiðusamningum og öðrum OTC-afleiðusamningum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2311 frá 21. október 2022 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) nr. 153/2013 að því er varðar tímabundnar neyðarráðstafanir um kröfur um tryggingar ⁽²⁾.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

IX. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31bcf (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 149/2013):

„– **32022 R 2310:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2310 frá 18. október 2022 (Stjtið. ESB L 307, 28.11.2022, bls. 29).“

2. Lið 31bcj (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 153/2013) er breytt sem hér segir:

- i) eftirfarandi undirlið er bætt við:

„– **32022 R 2311:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2311 frá 21. október 2022 (Stjtið. ESB L 307, 28.11.2022, bls. 31).“

- ii) aðlögunin er endurtölusett sem aðlögun a).

- iii) eftirfarandi aðlögunartexta er bætt við:

„b) Ákvæði 62. gr. skulu aðlöguð þannig að „viðskipti með afleiður sem tengjast raforku eða jarðgasi sem er framleitt, verslað með eða afhent á Evrópska efnahagssvæðinu eða með afleiður sem tengjast flutningi á raforku eða jarðgasi á Evrópska efnahagssvæðinu“ kemur í stað „viðskipti með afleiður, eins og um getur í b- og d-lið 4. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1227/2011“.

2. gr.

Texti framseldra reglugerða (ESB) 2022/2310 og (ESB) 2022/2311, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 307, 28.11.2022, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 307, 28.11.2022, bls. 31.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. desember 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. desember 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.